

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla Tjarnarbraut 12. október 2021 klukkan 16.00-17.00

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Þormóður Logi Björnsson aðstoðarskólastjóri, Elín Njálsdóttir og Fríða Hrönn Hallfreðsdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Borghildur Þórðardóttir og Eybjörg Helga Daníelsdóttir fulltrúar foreldra. Daði Þorkelsson fulltrúi grenndarsamfélagsins. Hermann Borgar Jakobsson og Jón Garðar Arnarsson fulltrúar nemenda.

Dagskrá:

1. Kynning fulltrúa.
2. Starfsáætlun skólans
3. Umbótaáætlun skólans
4. Breyting á skóladagatali Akurskóla, vorönn
5. Upphaf skólaársins, Lindin, framkvæmdir í sumar og vinna að hugmyndum að nýrri skólalóð
6. Önnur mál.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Kynning fulltrúa.

Allir fundarmenn kynntu sig.

2.mál Farið yfir starfsáætlun Akurskóla

Skólaráð Akurskóla hefur farið yfir starfsáætlun. Starfsáætlun samþykkt og undirrituð yfirlýsing þess efnis.

3.mál Farið yfir umbótaáætlun Akurskóla

Skólaráð Akurskóla hefur farið yfir umbótaáætlun. Umbótaáætlun samþykkt og undirrituð yfirlýsing þess efnis.

4.mál Breytingar á skóladagatali

Skólastjóri fór yfir breytingar á skóladagatali en til stendur að færa aðeins til þrjá starfsdaga á vorönn til að mæta námi sem margt starfsfólk er í. Skóladagatal samþykkt og undirrituð yfirlýsing þess efnis.

5.mál Upphaf skólaársins, Lindin, framkvæmdir í sumar og vinna að hugmyndum að nýrri skólalóð

Skólastjóri fór yfir hvernig skólaárið hefur farið af stað, hvernig gengið hefur með Lindina, nýju deildina okkar, framkvæmdir sem lokið var við í sumar og hugmyndavinnu vegna endurbóta á skólalóðinni.

6.mál Önnur mál.

a) Hermann Borgar og Jón Garðar sögðu frá því sem nemendaráðið er með í gangi, þau leggja upp með að hafa allskonar í gangi fyrir alla aldurshópa og eru að líka að fá til sín Bjarna Fritz með fyrirlestur 25. október.

b) Sigurbjörg sýndi fundargestum Lindina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.22.

Fundargerð þessa ritaði
Þormóður Logi Björnsson
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla